

Nákvæm greining árekstra á milli reiðhjóls og bifreiðar við gatnamót – apríl 2018. Katrín Halldórsdóttir, Vegagerðin.

Árið 2015 styrkti rannsóknasjóður Vegagerðarinnar verkefni þar sem gerð var nákvæm greining á hjólreiðaslysum (skýrsla kom út í júní 2016). Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að algengasta slysatagund á hjólandi vegfarendum var árekstur milli bifreiðar og reiðhjóls og 75% þeirra varð við tengingu eða gatnamót. Í þessu verkefni voru slík slys greind nánar. Skoðuð voru öll skráð tilvik á árunum 2015 og 2016.

Greiningin fólst í að skoða atburðarás slysa nánar, við hvaða aðstæður þau urðu og reynt var að skrá hugsanlega orsök. Gögnin eru byggð á grunngögnum sem Vegagerðin hefur fengið hjá Samgöngustofu, sem byggir sína slyskráningu á lögregluskýrslum og gögnum frá Aðstoð og Öryggi. Teknar eru saman ýmsar tölulegar upplýsingar um slysin, sem voru samtals 46 árið 2015 og 59 árið 2016. Í viðauka er svo gerð stutt grein fyrir hverju slysi og sýnd afstöðumynd þar sem hún var teiknuð í skýrslum.

Greining leiddi í ljós að algengustu útskýringar á tildrögum slyss eru eftirfarandi:

- Slæmt skyggni eða að sól blindaði sýn ökumanns bifreiðarinnar.
- Ökumaður bifreiðar var með augun á umferð sem ók eftir götunni, fylgdist ekki með stígum og gangstéttum.
- Sýn ökumanns bifreiðar skert vegna húss, hljóðmanar, bifreiðar, gróðurs og fl.
- Misskilningur: Hjólandi vegfarandi taldi að ökumaður bifreiðar hefði séð til sín þegar svo var ekki.
- Misskilningur: Vegfarendur sáu hvor annan og töldu báðir að hinn aðilinn myndi víkja.
- Hraði: Hvorki hjólandi vegfarandi né ökumaður bifreiðar náði að bregðast við í tæka tíð til að forða slysi

Fram kemur að niðurstöður verkefnis bendi til að aðal vandamálið sé vegsýn við gatnamót og inn- og útkeyrslur og skortur á meðvitund ökumanna bifreiða um umferð reiðhjóla. Niðurstöður undirstrika mikilvægi góðrar hönnunar á innviðum ætluðum hjólreiðum við gatnamót. Þá kemur fram að færri slys verða við gatnamót og inn- eða útkeyrslur þegar hjólað er í sömu átt og akstursstefna götunnar og taka ætti tillit til þess við innviðauppyggingu.